

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjallalax ehf. (Arnarlax) Hallkelshólum Grímsnesi



Dags eftirlits	19.6.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Fjallalax ehf. (Arnarlax)	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Strandgötu 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	670809-0720	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kristine Aarnes	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Johnny Indergård	Staðsetning	64.078823 -20.820848

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt eldra frávik helst opið. Losun í frárennsli er yfir losunarmörkum í grein 3.4 í starfsleyfi.

Tvö ný frávik frá starfsleyfi.

- Ársyfirlit Fjallalax vegna ársins 2023 barst ekki fyrir 1. maí sl. Ársyfirlitið barst 10. júlí sl. inni.
- Mælinganiðurstöður vegna efnainnihalds vatns hafa ekki borist stofnunni tvisvar á ári. Þeim skal skila tvisvar á ári.

Tvær ábendingar voru gerðar:

- Óskað er eftir teikningum af frárennislögnum í jörðu.
- Minnt er á kröfur olíureglugerðar nr. 884/2017, grein 41., um áfylliplan tengt olíuskilju þar sem áfylling á bifreiðar fer fram og um árekstrarvarnir við neyslugeyma þar sem þeir eru staðsettir í akstursleið ökutækja.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði í 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í fiskeldi Fjallalax ehf. kt. 670809-0720 að Hallkelshólum í Grímsnesi. Starfsleyfi rekstraraðila er frá 20. janúar 2022 og gildir til 20. janúar 2038. Í nýlegu aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps er lóðin skilgreind sem iðnaðarsvæði, en lóðin hefur ekki verið deiliskipulögð.

Starfsleyfið heimilar eldi á laxfiskum. Hámark lífmassa á hverjum tíma má ekki fara yfir 100 tonn. Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 7 kg / tonn af lífmassaaukningu á ári og 60 kg / tonn köfnunarefnis af lífmassaaukningu á ári.

Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun frárennislisvatns með tromlusíu og settjörn eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði.

Eftirlitið hófst á fundi. Mætt voru Kristine Aarnes og Johnny Indergård frá Fjallalax (Arnarlax) og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Dagskrá:

- Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og hreinsikerfa fiskeldisins.
- Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar – sjá starfsleyfi
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2024
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

1. Unnið hefur verið að hönnun og útfærslu á hreinsikerfum í frárennsli. Losun næringarefna er yfir losunarmörkum sem sett eru í starfsleyfis. Vegna opins fráviks frá árinu 2023 fór stofnunin fram á tímasetta úrbótaáætlun. 10. október sl. barst úrbótaáætlun í fjórum liðum.

a. Fyrsti liður gekk út á það að draga úr fóðrun seiðanna og/eða bæta nýtingu fóðurs þannig að minna fóður færi í frárennsli. Hugmyndin var að hækka vatnsyfirborð í kerjunum og minnka gegnumstreymi í þeim. Þessu er lokið.

b. Næsti liður gekk út á að minnka gegnumstreymi í stöðinni með því að bæta íblöndun súrefnis. Þessu er lokið.

c. Þriðji liðurinn gekk út á að betrubæta hreinsistöð í frárennsli. Fínstilling framleiðenda búnaðarins hefur farið fram og skipt um síur. Fyrirhugað er að bæta við kerjum til botnfellingar á svifefnum. Þessu er ólokið.

d. Fjórði liðurinn snýr að bættri meðferð seyru sem hreinsuð er úr frárennslinu. Þessu er ólokið.

Í grænu bókhaldi ársins 2023 kemur fram að lífmassaaukning í stöðinni á árinu nam 110 tonnum en gefið fóður á árinu var 146,9 tonn, fóðurstuðull því um 1,3. Ef þessar tölur eru settar inn í formúlu Wang et.al. þá er losun fosfórs 10,8 kg / framleitt tonn sem er yfir losunarmörkum og frávikkið helst því áfram opið.

2. Í starfsleyfinu eru kröfur um skil á ársyfirliti og umhverfisupplýsingum árlega fyrir 1. maí fyrir árið á undan. Ársyfirlit barst eftir 1. maí sl. og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Mæla skal efnainnihald vatns við inntak í stöðina og við útrás í frárennsli. Mæla skal tvisvar á ári og skal skila niðurstöðum mælinga til eftirlitsaðila tvisvar á ári. Mælinganiðurstöður hafa ekki borist til stofnunarinnar tvisvar á ári og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Þrjár áætlanir skulu liggja fyrir, áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, neyðaráætlun ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar og áætlun um meðhöndlun úrgangs. Ekki er gerðar athugasemdir við skriflegar áætlanir Fjallalax-stöðvarinnar.

3. Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 kveður á um að Umhverfisstofnun skuli gera áhættumat á fyrirtækjum sem farið er í eftirlit til, og nota áhættumatið til þess að ákveða tíðni eftirlita. Fyllt var út í áhættumat sem notað er fyrir landeldi. Uppfært áhættumat fyrir stöðina mun liggja fyrir í upphafi næsta árs.

4. Farið var í skoðun á stöðinni. Gengið um innanhúss og var þar allt snyrtilegt um að litast.

Skoðaðar framkvæmdir við frárennsli stöðvarinnar, tromlusíu og settjörn. Settjörnin var áður stífla í Höskuldslæg (vatnshlot nr. 103-844-R) með yfirfalli. Tjörnin er tóm og því engin settjörn í útrás stöðvarinnar. Bent er á að í starfsleyfinu grein 3.5 er krafa um settjörn eða annan sambærilegan eða betri búnað.

Kvartanir hafa ekki borist nýlega og engin óhöpp hafa orðið í meðferð efnavöru og olíu.

Óskað er eftir teikningum af frárennislögnum í jörðu.

Minnt er á kröfur olíureglugerðar nr. 884/2017, grein 41., um áfylliplan tengt olúskilju þar sem áfylling á bifreiðar fer fram og um árekstrarvarnir við neyslugeyma þar sem þeir eru staðsettir í akstursleið ökutækja.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæði frá grein 4.4 í starfsleyfi - ársyfirlit	Ársyfirlit fyrir árið 2023 skal berast Umhverfisstofnun fyrir 1. maí 2024. Ársyfirlitið barst 10. júlí sl.
ákvæði í grein 4.3 í starfsleyfi - skil á mælinganiðurstöðum vegna efnainnihald vatns.	Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennsli tvisvar á ári. Niðurstöðum mælinga skal skila til eftirlitsaðila tvisvar á ári. Mælinganiðurstöður hafa ekki verið að skila sér tvisvar á ári.

## ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru gerðar:

1. Óskað er eftir teikningum af frárennislögnum í jörðu.

2. Minnt er á kröfur olíureglugerðar nr. 884/2017, grein 41.,

Áfylliplan tengt olíuskilju þar sem áfylling á bifreiðar fer fram og um árekstrarvarnir við neyslugeyma þar sem þeir eru staðsettir í akstursleið ökutækja.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.07.2024



Gottskálk Friðgeirsson